



**Ávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á afmælisþingi UMFÍ
24. október 1997**

Heiðruðu þingfulltrúar.

Það er gæfa að fylgja þjóð á þroskabraut og eignast hlutdeild í afrekum hennar og ávinningum. Enn dýrmætara er þó að búa svo að þrótti eftir langan og farsælan feril að vegalagning til framtíðar sé það verk sem efst er í huga.

Á merku afmælisári hefur Ungmennafélag Íslands sýnt og sannað að þrátt fyrir háan aldur er hreyfingin enn vettvangur lifandi starfs þar sem æska landsins öðlast sjálfstraust og styrk, sækir fram til nýrra sigra.

Lífssýn ungmennafélaganna var og er að tvinna saman ræktun lands og lýðs, að heill þjóðar sé spunnin úr mörgum þráðum. Í keppni og leik öðlist hver og einn hæfni til íþróttar og iðju, heilsteypa lífssýn, veganesti sem gerir ævistarfið í senn ánægjulegra og árangursríkara.

Hin breiða sýn á lífsins gildi hefur reynst ungmennafélögunum dýrmæt arfleifð en um leið efniviður í brýnt erindi við æskufólk og þjóðina alla á okkar tíð.

Hin fjölbætta þjálfun sem ungmennafélögin hafa ætíð kappkostað að veita er nú jafnvel enn mikilvægari en fyrrum.

Í rótleysi nútímans, í glímunni við áreiti úr öllum áttum, er mikilvæg fótfasta fólgin í félagsstarfi sem virðir hug og hönd að jöfnu, áréttar tengsl okkar við náttúruna og setur félagsskapinn í sama sess og keppnina.

Í fjölmiðlum er íþróttum oft lyft einum og sér, afrekin það eina sem máli skiptir, kastljósinu varpað á þá sem skara fram úr.

Heilbrigð sál í hraustum líkama var hins vegar lífsmottó þeirra sem til forna hófu leiki á Ólympíuvellinum. Sigurinn var því aðeins fullkominn að sálin næði einnig þroska.

Þegar íþróttirnar verða sífellt ríkari þáttur í menningu okkar og dægradvöl og tæknivædd heimsfjölmiðlun gerir keppnissigur að æðsta mælikvarða, þá er hollt að missa ekki sjónar á samnefnara grískrar lífsspeki og kjörorðum íslenskrar ungmennahreyfingar.

Íþróttirnar eru til að auðga sálu okkar og styrkja. Keppnin til að glæða félagsskapinn vináttu og samkennd.

Slíkur er sígildur andi íþróttanna, nauðsynlegur leiðarvísir á tímum þegar sífellt fjölþættari freistingar verða æskufólki að fjörtjóni.

Ung var sú sveit sem stofnaði Ungmennafélag Íslands fyrir 90 árum, ung en verkdjörf, innblásin ættjarðarást og trú á framfarir og breytingar.

Hún gerði ungmennafélögin að þjálfunarvettvangi nýrrar forystusveitar sem á áratugum milli heimsstríða skóp það samfélag sem við tókum í arf.

Lýðveldið Ísland er í ríkri þakkarskuld við ungmennafélögin. Þau voru burðarásar í sjálfstæðishreyfingu sem naut traustra róta í byggðum landsins. Héraðsmótin voru í senn sjálfstæðisfagnaður og fjölskylduhátíð, helstu mannfundir í heilum sýslum. Því kynntist ég vel á æskulóðum vestra þegar Vestur-Ísfirðingar komu saman á Núpi. Þá var séra Eiríkur sannkallaður héraðshöfðingi en um leið í áratugi landsleiðstogi ungmennahreyfingarinnar.

Það var mér því sannarlega gleðiefni að sjá á Landsmótinu á liðnu sumri hve traustar rætur ungmennafélaganna eru enn í öllum byggðum. Landsmótið var glæsileg og metnaðarfull hátíð sem bar vott um sóknarkraft í aðdraganda nýrrar aldar.

Ég færi ykkur hamingjuóskir á afmælisári og vona að sú heilsteypta lífssýn sem verið hefur leiðarljós hreyfingarinnar frá upphafi muni áfram stýra leik og starfi ungmennafélaganna.